

Fimmtudaginn 6. apríl 2000.

Nr. 335/1999. **Guðrún Stefánsdóttir**

(Dögg Pálsdóttir hrl.)

gegn

Stefáni Bjarnarsyni Sigurðssyni

(Ingólfur Hjartarson hrl.)

Niðurfelling máls. Gjafsókn.

Málið var fellt niður að ósk áfrýjanda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 23. ágúst 1999. Með bréfi 29. mars 2000 var því lýst yfir af hálfu áfrýjanda að hún félli frá áfrýjun sinni, þar sem hún og stefndi hefðu náð sáttum í málinu. Í bréfi lögmanns stefnda 30. sama mánaðar var greint frá því að ekkert samkomulag hefði verið gert við áfrýjanda, en ef hún krefðist þess að málið yrði fellt niður myndi stefndi ekki gera kröfu um málskostnað.

Með vísan til c-liðar 1. mgr. 105. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga eins og þeim var breytt með 20. gr. laga nr. 38/1994, er málið fellt niður.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti 21. október 1999. Hún hefur óskað eftir að ákvörðun verði tekin um þóknun lögmanns hennar með tilliti til gagna, sem lögð hafa verið fram um vinnu hans við málið. Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Mál þetta er fellt niður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, 175.000 krónur.